
FORNLEIFASKRÁNING: BORG Í GRÍMSNESI



BRYNJA ÁRNADÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: BRYNJA ÁRNADÓTTIR, HELGA JÓNSDÓTTIR OG KRISTJANA
VILHJÁLMSDÓTTIR.

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

REYKJAVÍK 2025

FS1048-25211



Forsíðumynd sýnir þar sem leið ÁR-701:044 lá yfir úttektarsvæðið, horft er til suðausturs.

Myndina tók Brynja Árnadóttir.

Verkefnanúmer MÍ: 3460

© 2025

Fornleifastofnun Íslands

Bræðraborgarstíg 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan um 8 ha deiliskipulagsreits, áður í landi Stóru-Borgar í Grímsnesi. Töluverð uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu en byggja á nýtt íbúðarhverfi fast vestan við þéttbýlið á Borg í Grímsnesi. Skráningin var unnin af Fornleifastofnun Íslands fyrir sveitarfélagið í júní 2025 og voru tvær fornleifar skráðar innan svæðis, báðar leiðir. Þær voru skilgreindar í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifaskráning, deiliskipulag, Fornleifastofnun Íslands, íbúðabyggð, Stóra-Borg, Grímsnes.

Summary

This report presents the findings of a detailed archaeological survey of an 8 ha area within the property of the farm of Stóra-Borg. The Institute of Archaeology in Iceland conducted the survey on behalf of the Grímsnes- og Grafningshreppur municipality, in advance of further residential development in the area. The survey was carried out in June 2025 and a total of two archaeological sites were surveyed, both tracks. Both sites are considered at risk due to the planned construction work.

Keywords:

Archaeology, detailed planning, Institute of Archaeology (Iceland), residential area, Stóra-Borg, Grímsnes.

Efnisyfirlit


1. Inngangur	7
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður.....	16
6. Heimildir	18
Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	19
Viðauki II: Minjakort.....	20



Mynd 1: Staðsetning skráningarsvæðisins er sýnd á kortinu með rauðum punkti. Kort: Landmælingar Íslands og FSÍ.

1. Inngangur

Í júní 2025 var unnin fornleifaskráning innan um 8 ha deiliskipulagsreits í landi Stóru-Borgar í Grímsnesi. Skráningin var gerð fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp en fyrirhugað er að íbúðabyggð rísi innan svæðisins sem er staðsett rétt vestur af þéttbýlinu Borg.



Mynd 2: Deiliskipulagssvæðið er um 8 ha og afmarkast af fjólublárrí línu á myndinni. Innan þess eru tvær fornleifar. Skýringarnar eiga við þær myndir sem birtast í skýrslunni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Skráningarsvæðið er um 500 m norðvestan bæjarins á Stóru-Borg og nær yfir sléttuð tún í rækt. Þar að auki liggur malarvegur meðfram vesturhlið svæðisins. Fremur óraskað land er til norðurs og vesturs, þar er léttþýft og gróið (sjá mynd 2).

Svæðið var aðalskráð af Fornleifastonun Íslands árið 2001 en þá voru engar minjar skráðar innan þess.¹ Árið 2022 voru tveir deiliskipulagsreitir skráðir, annar norðan og

¹ Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson, 2001.

hinn fast sunnan skráningarsvæðis 2025. Alls voru skráðar sex leiðir og eitt garðlag innan þeirra. Tvær leiðanna, ÁR-423:023 og ÁR-701:044, lágu áfram í gegnum núverandi úttektarsvæði.²

Farið var á vettvang í júní 2025 og svæðið þaulgengið í leit að minjum. Aðeins voru tvær fornleifar skráðar innan marka úttektarsvæðisins. Skráningin var unnin af Brynju Árnadóttur, fornleifafræðingi. Úrvinnsla og skýrslugerð voru unnin í beinu framhaldi. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Brynju en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum skráningarinnar og uppbyggingin er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um minjarnar sem skráðar voru. Í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er heimildaskrá og viðauki með hnitaskrá og minjakorti.

² Helga Jónsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir, 2023. Helga Jónsdóttir og Adolf Friðriksson, 2023.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:


- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.



Mynd 3: Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingannúmer aftan við (dæmi: ÁR-084:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem

skráðar voru á vettvangi innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: BO-090:012).

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið mikilli hættu meðan

framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram langvarandi hættu og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

ÁR-423 Stóra-Borg

Sögulegar heimildir:

22.5.1504 gengur dómur þingstað réttum á Borg í Grímsnesi. DI VII, 692-94. **14.5.1568** er annar dómur frá Borgarþingi. DI XV, 99.

1708: Jarðadýrleiki óviss. Skálholtsstólsjörð 1708 og 1760. Hjáleigan Borgarkot er talin með. „Borgarkot, eyðihjáleiga, hefur 4 ár í auðn legið, en var fyrst bygð fyrir tæpum 30 árum á fjárhússtæði.“ JÁM II, 340-41.

1847: 30 1/3 hdr. Lén sjörð Grindavíkurprests. JJ, 71.

Þingstaður sveitarinnar var á Stóru-Borg og sæktu auk Grímsnesshrepps, Þingvallasveit og Grafningur þangað þing. SSÁ, 27. Kirkjan var flutt þangað árið 1931 frá Klausturhólum. SB III, 117.

Landkostir

Túnakort 1920: Tún 6,6 ha. Girt. Slétt ca 1/3. Garðar 885 m².

„Afrjettur ut supra. Torfrista og stúnga sæmileg. Mótak til eldiviðar hefur verið, en nú ónýtt orðið.[...] Berjalestur varla teljandi. Enginu spillir Höskuldslækur með leiri og sandi. Landþröngt er. Hætt er kvikfé foröðum, og verður það oft að meini.“ JÁM II, 341.

Stóra-Borg er austast í Grímsnesi og stendur sunnan við Biskupstungnabraut sem er aðalvegurinn um sveitina og liggur í uppsveitir Árnessýslu. Stendur bærinn „á brekkubrún en túnin að mestu norðan við hann á flötu heiðlendi.“ SB III, 127.

ÁR-432:023 gata leið

A 413359 N 398223

Götur á óþekkttri leið sjást í mólendi norðan Biskupstungnabrautar (35) og í sléttuðu túni vestan við sundlauginu á Borg. Göturnar eru 300 m norðan við bæjarstæði Stóru-Borgar ÁR-423:001. Leiðin var skráð innan tveggja deiliskipulagsreita veturinn 2022. Leiðinni var fylgt í þýfðum móa en óljós merki um hana sjást einnig í sléttuðu túni þar sem áður var mólendi. Í mólendinu var leiðin rakin á 890 m löngum kafla og á 170 m löngum kafla í túninu. Í túninu sést gatan sem dæld eða slakki í landinu og er 0,4 m djúp. Framhald af henni sést á loftmynd utan þess svæðis til norðurs. Sama gata sést á úttektaarreit sem skráður var einnig vetur 2022 sem er norðar. Var leiðinni þar fylgt eftir yfir allt skipulagssvæðið norður-suður 630 m og var það eingöngu mólendi. Nálægt syðri mörkum svæðisins sker lækur götuna. Þessi nyrðri hluti leiðarinnar er nokkuð óljós. Gatan var tekin út í þriðja sinn árið 2025 en þá í sléttuðu túni á milli úttektaarsvæðanna frá 2022. Gatan sést ekki í túninu vegna sléttunar en er greinileg bæði norðan og sunnan þess.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: hætta,
vegna framkvæmda

ÁR-701 Fornleifar á fleiri en 1 jörð í Grímsneshreppi

ÁR-701:044 gata leið

A 413142 N 398145

Gata milli Klausturhóla ÁR-425 og Stóru-Borgar ÁR-423 er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og er hún merkt sem „óviss“ á kortið. Leiðin var skráð á stuttum köflum innan tveggja deiliskipulagsreita í landi Stóru-Borgar veturinn 2022. Annars vegar voru mældar upp götur á milli túna norðan við Biskupstungnabraut (35) um 530 m frá bænum á Stóru-Borg ÁR-423:001 og lengri kafla var mældur upp í þýfðum móa nokkru norðar. Leiðin sést vel í þýfðu landi sem er vel gróið en þó er rof í götunum. Á syðri hluta leiðarinnar sem skoðaður var er hægt er að rekja göturnar á ríflega 70 m löngum kafla. Þar sést hún greinilega í móa milli tveggja túna. Göturnar eru 2-3 saman á svæði sem er um 5 m breitt. Þær eru um 0,5-0,7 m breiðar og 0,5 m djúpar. Á nyrðri hluta leiðarinnar sem var skoðaður á vettvangi voru sams konar götur raktar á um 370 m löngum kafla. Hægt er að fylgja leiðinni lengra á loftmyndum. Gatan var tekin út aftur árið 2025 en þá í sléttuðu túni á milli úttektaarsvæðanna frá 2022. Ekki sást til hennar á yfirborði, líklega vegna sléttunar en hún hefur legið gróflega í norður-suður í gegnum svæðið.

Langvarandi hættumat: engin hætta

Tímabundið hættumat: hætta,
vegna framkvæmda

Heimildir: Hkort 47 SV Skálholt

5. Niðurstöður

Í þessari skýrslu eru til umfjöllunar niðurstöður fornleifaskráningar innan um 8 ha deiliskipulagsreits sem áður tilheyrði Stóru-Borg í Grímsnesi. Fyrirhugað er að byggja nýtt íbúðarhverfi á reitnum sem staðsettur er við vesturhlið þéttbýlisins á Borg.

Stóra-Borg er sennilega ein landnámsjarða Grímsness og hefur hún verið miðstöð svæðisins öldum saman. Á 16. öld var t.a.m. þingstaður Grímsnesinga á Stóru-Borg og hefur hann líklega verið þar fyrr en heimildir geta til um. Staðsetning þingstaðarins á jörðinni styður þá ályktun að jörðin sé forn og að hún hafi gengt mikilvægu hlutverki í sveitinni. Ekki er vitað til þess að bæjarhúsin hafi nokkurn tímann verið færð og bendir allt til þess að búseta á jörðinni sé löng og samfelld.

Deiliskipulagsreiturinn er um 500 m norðvestan bæjarins á Stóru-Borg og hefur talist til úthaga jarðarinnar áður en svæðið var sléttað í tún, en auk þess liggur leiðakerfi þar um. Árið 2022 voru reitir norðan og sunnan úttektarsvæðisins teknir út og sex leiðir og eitt garðlag skráðar innan þeirra.³ Úttektarsvæðið frá 2025 nær yfir sléttað tún og sjást engar fornleifar á yfirborði vegna sléttunar túnsins. Greinilegt er þó af herforingjaráðskortum að tvær leiðanna sem skráðar voru árið 2022, ÁR-423:023 og ÁR-701:044, hafa legið í norður-suður í gegnum úttektarsvæðið.

minja_id	Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Varanlegt hættumat	Tímabundið hættumat
3460_1	ÁR-423:023		Gata	Leið	Ekki sést til	Engin hætta	Hætta
3460_2	ÁR-701:044		Gata	Leið	Ekki sést til	Engin hætta	Hætta

Tafla 1: Skráðar fornleifar innan skráningarsvæðisins.

Tímabundið hættumat var gert vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við gerð tímabundins hættumats var metið hvort hætta gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana og byggir hættumatið á þeim grunni. Minjarnar voru allar metnar í hættu vegna framkvæmdanna en þær eru allar innan skipulagssvæðisins og geta

³ Helga Jónsdóttir og Kristjana Vilhjálmisdóttir, 2023. Helga Jónsdóttir og Adolf Friðriksson, 2023.

Því orðið fyrir beinum áhrifum. Þar sem leiðirnar hafa verið sléttaðar má þó teljast ólíklegt að leifar þeirra finnist undir sverði. Því er lítil hætt á að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni minjastöðunum og að mótvægisáðgerða verði krafist.

Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kaflí 4). Þrátt fyrir að allar minjar sem þekktar eru úr heimildum og/eða af yfirborðsummerkjum hafi verið skráðar getur verið að áður óþekktar fornleifar komi í ljós við framkvæmdir. Ef sú staða kemur upp þá er það Minjastofnunar að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

6. Heimildir

Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifaskráning í Grímsneshrepi II*. FS103-99062. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn 1857-1950*. I.-XV. bindi. [Án útgáfustaðar]: Hið íslenska bókmenntafélag.

Helga Jónsdóttir og Kristjana Vilhjálmsdóttir. 2023. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna fyrirhugaðrar íbúðarbyggðar við Borg í Grímsnesi I*. FS915-22431. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Helga Jónsdóttir og Adolf Friðriksson. 2023. *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna íbúðarbyggðar á Borg í Grímsnesi II*. FS916-22491. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

JÁM II: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, 1918-1921*. II bindi. Árnessýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller og Hið íslenska fræðafélag.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda].

Lög um menningarminjar 80/12. 2021. Lagasafn. Íslensk lög, útgáfa 151a. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

SB III: *Sunnlenskar byggðir*. 1983. III. bindi. Laugardalur, Grímsnes, Þingvallasveit, Grafningur, Ölfus, Hveragerði og Selvogur. Reykjavík: Búnaðarsamband Íslands.

SSÁ: *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags*. 1839-1843. Árnessýsla. Reykjavík: Sögufélag.

Óprentaðar heimildir:

Herforingjaráðskort 1908: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1908). (Blað 47 SV Hestfjall - Skálholt). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Herforingjaráðskort 1910: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1910). (Blað 47 NV Biskupstungur - Skálholt). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Ísleif-Menningarsögulegt gagnasafn Fornleifastofnunar Íslands. 2025.

Túnakort 1920: Túnakort Stóru-Borgar. Þjóðskjalasafn Íslands.

Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

minja_id	Samtala	X	Y
3460_1	ÁR-423:023	413359	398223
3460_2	ÁR-701:044	413142	398145

Viðauki II: Minjakort

Kortið á næstu síðu er unnið ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf. og sýnir deiliskipulagssvæðið auk nærliggjandi minja.

